

OFFITUAÐGERÐIR OG MEÐGANGA

ICD-10 greining: Z98.8 - Annað tilgreint ástand eftir skurðaðgerð

Algengustu aðgerðir við offitu eru magabandsaðgerð, magaermi og magahjáveituraðgerð. Konur, sem hafa farið í aðgerð við offitu og verða barnshafandi, þurfa aukið eftirlit. Magabandsaðgerð leiðir sjaldan til alvarlegra fylgikvilla og geta þær konur því verið í mæðravernd í heilsugæslu jafnvel þótt stutt sé frá aðgerð. Nægir að mæla blóðhag, Na, K, Ca og creatinin í upphafi meðgöngu. Mikilvægt er að kanna næringarástand og mataræði í upphafi meðgöngu, sjá nánar [hér](#).

VANDAMÁL Á MEÐGÖNGU OG Í FÆÐINGU GETA VERIÐ:

Eftir aðrar aðgerðir við offitu hafa rannsóknir sýnt lítillega (2%) aukna hættu á fyrirburafæðingum og vaxtarseinkun. Þær aðgerðir auka einnig líkur á snefilefna- og vítamínskorti. Yfirleitt eru engin sérstök vandamál tengd fæðingu og ekki er aukin hættu á burðarmálsdauða.

EFTIRLIT Á MEÐGÖNGU:

Konur, sem hafa farið í aðgerð við offitu og verða barnshafandi falla í gulan flokk. Ef meira en tvö ár eru frá aðgerð er mæðravernd í heilsugæslunni. Konur sem hafa farið í magabandsaðgerð eru hvattar til að hafa samband við teymið sem sér um eftirfylgd m.t.t. þess að stilla af vökvamagn í bandinu.

- Í upphafi meðgöngu eru ýmis næringar- og snefilefni auk annarra efna könnuð í blóðsýni sbr. lista sem birtist í áætlun í rafrænni mæðraskrá.
 - Meta þarf almennt næringarástand ásamt heilsufari fyrir væntanlega meðgöngu
 - Viðtal við fæðingarlækni á fyrri hluta meðgöngu
 - Viðtal við fæðingarlækni við 34 vikna meðgöngu
 - Vaxtarmat við 28 vikur og 34 vikur
 - Meta hættu á fyrirburafæðingu.

- Vítamín og bætiefni sem mælt er með:
 - Fólat 800 microgr að 12v meðgöngu
 - D vítamín 2000-4000 I.E.
 - Kalk/kalsium sitrat 1200 mg
 - B12 sterkar
 - Járn 100-200 mg annan hvern dag
 - Fjölvítamín

Ef innan við tvö ár frá aðgerð er mæðravernd í samvinnu við eða á kvennadeild.